



# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Ákvörðun nr. 30/2013

**um útnefningu Mílu ehf. með skyldu til að veita aðgang að tengingu við almenna fjarskiptanetið og um að ekki sé ástæða til að fella á alþjónustuskyldur í tengslum við aðgang að talsímaþjónustu, aðgang að gagnaflutningsþjónustu, rekstur almenningssíma og þjónustu við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir.**

### I.

#### Almennt

Með tilkynningu á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS), þann 22. nóvember 2013 efndi PFS til samráðs með hagsmunaaðilum vegna þeirrar fyrirætlunar stofnunarinnar að útnefna ekki fjarskiptafyrirtæki með alþjónustuskyldur að því er varðar talsímaþjónustu, gagnaflutningsþjónustu, og rekstur almenningssíma. Í samráðsskjali PFS var hagsmunaaðilum/umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með rökstudda tillögu um nauðsyn þess að útnefna fjarskiptafyrirtæki með alþjónustuskyldur að því er varðaði talsímaþjónustu, gagnaflutningsþjónustu og rekstur almenningssíma. Jafnframt upplýsti PFS að til stæði að viðhalda núverandi kvöð á Mílu, óbreyttri, um skyldu til að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið á meðan unnið væri að heildarendurskoðun þeirrar kvaðar sem í dag hvílir á fyrirtækinu. En stofnunin hyggst birta umræðuskjal þar að lútandi í upphafi næsta árs.

Frestur til að koma að athugasemdum var upphaflega gefinn til 6. desember, en síðan framlengdur til 13. desember 2013. Umsagnir bárust frá fjarskiptafyrirtækjunum Mílu ehf., Vodafone, Símanum og Tal. Einnig skiluðu Bændasamtök Íslands inn athugasemdum. Í kafla II. er að finna samantekt af þeim umsögnum sem bárust frá þessum aðilum.

## II. Athugasemdir hagsmunaaðila

### 1.

#### *Bændasamtök Íslands*

Bændasamtök Íslands skiluðu inn athugasemdum með bréfi, dags. 4. desember 2013. Í umsögn samtakanna kemur fram að ekki sé skýrt hvaða áhrif fyrirætlun stofnunarinnar kann að hafa á íbúa í dreifðum byggðum – m.a. félagsmenn Bændasamtaka Íslands, nánar segir í umsögninni:

1. *„Bændasamtök Íslands leggja áherslu á, nú sem áður, að íbúum í dreifbýli verði veitt aðgengi að fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. talsímaþjónustu og gagnaflutningsþjónustu, af ásættanlegum gæðum og á sama verði og þjónustan er veitt í þéttbýli. Sjá þarf til þess að þessi þjónusta verði veitt án tillits til viðskiptalegra sjónarmiða fjarskiptafyrirtækja, eftir atvikum með stuðningi ríkisins. Það er ein af forsendum þess að viðhalda byggð í dreifbýli að ásættanleg talsíma- og gagnaflutningsþjónusta standi íbúum til boða á jafnræðisgrundvelli.*
2. *Bændasamtök Íslands óska eftir upplýsingum um hvernig tryggja á rétt allra notenda á alþjónustu, óháð staðsetningu, sbr. 19. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ef alþjónustuveitandi er ekki útnefndur af PFS. Bændasamtök Íslands geta ekki stutt þá afstöðu PFS að útnefna ekki alþjónustuveitanda ef slík ákvörðun kann að hafa í för með sér lakara aðgengi íbúa í dreifbýli að talsíma- og gagnaflutningsþjónustu eða að kostnaður aukist. Í þessu sambandi er mikilvægt að gæði alþjónustu í dreifðum byggðum dragist ekki aftur úr þróun sem kann að eiga sér stað í þéttbýli.*
3. *Bændasamtök Íslands eru sammála þeirri fyrirætlun PFS að framlengja núgildandi kvöð á Mílu, a.m.k. tímabundið. Það er eðlilegt að kvöðinni verði ekki aflétt á meðan ekki liggja fyrir allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að taka upplýsta ákvörðun um það.“*

### 2.

#### *IP fjarskipti ehf. (TAL)*

Umsögn Tals barst með bréfi, dags. 2. desember 2013. Í henni kemur fram að fyrirtækið telur ekki lengur nauðsynlegt að útnefna fyrirtæki með alþjónustuskyldur, að því er varðar talsímaþjónustu, gagnaflutningsþjónustu og rekstur almenningssíma og er því sammála þeirri greiningu sem fram kemur í samráðsskjali PFS.

Jafnframt gerir Tal ekki athugasemdir við tillögu PFS um að útnefna Mílu áfram með alþjónustuskyldur, en telur hins vegar að hverfandi líkur séu á því að nauðsynlegt sé að halda áfram að útnefna Mílu með alþjónustuskyldu.

Þá er fyrirtækinu ekki kunnugt um neina þjónustu sem eingöngu er hægt að veita í gegnum kopar, sbr. spurningu 9 í samáði PFS.

### 3.

#### Vodafone

Athugasemdir Vodafone bárust með bréfi, dags. 16. desember 2013. Fyrirtækið gerir engar athugasemdir við þær fyrirætlanir PFS, sem spurt er út í með *spurningum 1, 2, 3, 6 og 7* í samráðsskjali stofnunarinnar.

Hvað varðar aðgang að talsímaþjónustu sem fjallað er um í kafla 6 í samráðskjalinu, sbr. *spurningu PFS nr. 4*, kemur eftirfarandi fram af hálfu Vodafone.

*„Hvað þetta varðar bendir Vodafone á að mikilvægt er að horfa til þess að kerfi sem aðrar gagnaveitur hafa verið að byggja upp bera ekki sama uppítíma (rafmagnseðlis) á talsímaþjónustu og sú sem hefur verið með alþjónustukvöð síðastliðna áratugi. Það er mat Vodafone að PSTN og VoIP þjónustur séu ekki samanburðarhæfar út frá öryggissjónarmiðum. Hefðbundin PSTN símalína virkar þó svo að langvarandi rafmagnsleysi steðji að öfugt við VoIP þjónustu. Telur Vodafone þar af leiðandi mikilvægt að alþjónustuskyldan verði viðhöfð hvað talsímaþjónustu varðar.“*

Vodafone er sammála þeirri fyrirætlan PFS að ekki sé ástæða til að viðhalda kvöð nógildandi fjarskiptalaga um 128 Kb/s gagnaflutningshraða, sem spurt er út í með *spurningu 5*, en bendir á að fyrirtækið geti ekki áttað sig á hvað notendur þar eru sem fá þjónustu í gegnum háhraðaverkefni fjarskiptasjóðs þar sem niðurbrotinn staðarlisti hafi ekki verið afhentur eða gerður opinber.

Hvað varða það álitaeftni sem PFS varpar fram um hvort eðlilegt væri þegar og ef til þess kemur að kvöð um að veita gagnaflutningsþjónustu væri lögð á Mílu. Þá bendir Vodafone á að erfitt sé að leggja mat á það hvaða félag er réttast til að bera slíka kvöð. Skoða þyrfti sérstaklega hvað félög hafi rutt brautina hingað til hvað alþjónustu varðar og hvaða félög hafi burði til að ráðast í uppbyggingu á slíku háhraðaneti utan þéttbýlis.

Um þau áform PFS, sem spurt er út í með *spurningu 8*, að settar verði almennar reglur um gæði fjarskiptaþjónustu, sem taki til allra fyrirtækja á markaði, sbr. 41. gr. fjarskiptalaga þá telur Vodafone mikilvægt að reglurnar verði metnar út frá endanlegri afstöðu PFS til þess hvort kvöð um talsímaþjónustu og lágmarksgagnaflutningsþjónusta verði lögð á eða ekki.

Í svari Vodafone við *spurningu 9* kemur fram að Vodafone hafi lent í vandræðum með einstaka öryggiskerfi og fax sendingar yfir VoIP þjónustur. VoIP þjónusta kalli einnig á tryggja bandvídd fyrir talþjónustu. Rafmagnsleysi sé mesta brotalömin í VoIP, þar sem hefðbundin heimili vilji ekki fara í fjárfestingar á varaafgjöfum þar sem slík fjárfesting geti verið kostnaðarsöm fyrir aðila.

### 4.

#### Míla

Athugasemdir Mílu bárust með bréfi, dags. 13. desember 2013. Telur fyrirtækið að miðað við þær forsendur sem PFS byggir á í samráðsskjali virðist ekki ástæða til að viðhalda neinum alþjónustukvöðum á tilgreindum sviðum. Um þá fyrirætlun PFS að viðhalda tímabundið kvöð á Mílu þá bendir fyrirtækið á að það skipti verulegu máli að Míla geti fengið bætt það tap sem slík kvöð leggur á fyrirtækið.

Jafnframt bendir Míla á hvað varðar útnefningartímabil að mikilvægt sé að sá sem beri alþjónustuskylduna geti fengið tap sitt bætt af því að veita alþjónustu og tímabil útnefningar

þurfi að taka mið af því. Að því er varðar þá fyrirætlan PFS um að framlengja tímabundið kvöð um alþjónustuskýldu Míla telur fyrirtækið að mikilvægt sé að sá tími verði ekki lengri en 6 mánuðir. Míla sé nú þegar að tapa á þeirri þjónustu sem fyrirtækið veitir á dreifbýlum svæðum, eins og fram komi í umsókn fyrirtækisins um styrk úr alþjónustusjóði. Hver mánuður sem slíkt tap er óbætt skiptir verulegu máli fyrir rekstur og samkeppnisstöðu Mílu á þéttbýlli svæðum.

Míla gerir ekki athugasemdir við þá fyrirætlan PFS að útnefna ekki alþjónustuhafa hvað varðar aðgang að talsímaþjónustu, gagnaflytningþjónustu upp að 128 Kb/s flutningsgetu, rekstur almenningssíma eða að viðhalda sérgreindum skyldum hvað varðar aðgang notenda með sérstakar þarfir í tengslum við alþjónustu.

Einnig telur fyrirtækið skynsamlegra að setja almennar reglur um gæði fjarskiptaþjónustu fremur en að afmarka sérstakar gæðakröfu við alþjónustu. Hvað varðar spurningu 9 í samráðsskali PFS þá telur Míla að veiting þeirra þjónustu sem talin er upp sé ekki bundin við koparlínu.

## 5.

### *Síminn*

Athugasemdir Símans bárust með tölvupósti, dags. 18. september 2013. Síminn er í öllum meginatriðum sammála þeim fyrirætlunum sem kynnt voru í samráðsskjali PFS. Í svari fyrirtækisins við *spurningu 5* kemur fram að fyrirtækið er sammála PFS að ekki sé ástæða til að viðhalda kvöð um 128 Kb/s sem alþjónustukvöð. Hvað varðar þann spurningarinnar sem snéri að því ef lágmarkagagnahraði yrði aukinn með nýrri lagasetningu og hvort einhver notandi myndi missa þjónustu við niðurfellingu á þeirri alþjónustukvöð sem kveður á um 128 Kb/s flutningshraða, sagði Síminn eftirfarandi:

*„Alþjónustukvaðir halla jafnan á þann aðila sem fer með þær og því skerðir það samkeppnisstöðu. Eins og staðan er í dag þá sér Síminn ekki þörfina eða nauðsyn þess að leggja á alþjónustukvaðir. Ef slíkt yrði gert þá telur Síminn að ekki megi líta fram hjá þeirri staðreynd að oft getur talist auðveldara að veita slíka þjónustu um farnet og það verður að skoða málið einnig í slíku samhengi.*

*ISDN kerfi Símans, sem notað er til að uppfylla kvöðina á illa tengdum stöðum, er úr sér gengið og ljóst að það þarf að leggja það niður á næstu 2-3 árum. Símanum er kunnugt um að margir af þeim sem nota ISDN þjónustu Símans hafa möguleika á öðrum tengikostum líka, hvort sem það er í gegnum Símann eða önnur fjarskiptafyrirtæki. Ekki hefur verið farið í neina úttekt á því hvort einhver missi þjónustu. Hins vegar verður vísað til þeirra sjónarmiða sem komu fram í umfjöllun PFS.“*

## III.

### **Forsendur og niðurstaða**

#### 1.

*Afstaða PFS til þeirra athugasemda sem bárust*

#### 1.1

*Um athugasemdir Bændasamtaka Íslands*

Í athugasemdum Bændasamtaka Íslands er m.a. vikið að því að samtökin leggja áherslu á, að íbúum í dreifbýli verði veitt aðgengi að fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. talsímaþjónustu og

gagnaflutningsþjónustu, af ásættanlegum gæðum og á sama verði og þjónustan er veitt í þéttbýli. Í samráðsskjali PFS er vikið að því í kafla 6 að aðgengi fjarskiptafyrirtækja að tengingu við notandann sé grundvallar forsenda fyrir því að fjarskiptafyrirtæki geti boðið notendum þjónustu t.d. talsímaþjónustu eða gagnaflutningsþjónustu. Engin breyting verður gerð, að því er varðar skyldu alþjónustuveitanda til að útvega og viðhalda þeim tengingum sem fyrir eru í dag, en allir notendur eru í dag tengdir við almenna fjarskiptanetið. Að því er varðar þá þjónustu sem veitt er í gegnum tenginguna, þ.e. talsímaþjónusta eða gagnaflutningsþjónusta, að þá liggur fyrir að Síminn er ekki lengur með umtalsverðan markaðsstyrk á smásölumörkuðum fyrir almenna talsímaþjónustu á fastaneti (markaðir 3-6, skv. eldri tilmælum ESA), sjá nánar ákvörðun PFS nr. 9/2013.

Á hinn bóginn gilda ennþá kvaðir á heildsölumarkaði fyrir upphaf og lúkningu í föstum almennum talsímanetum, sbr. ákvörðun PFS nr. 36/2012. Meðal þeirra kvaða sem þar er um að ræða er svokölluð gjaldskrárvöð, sem felur í sér að gjaldskrá fyrir talsímaþjónustu á heildsölustigi, fyrir landið allt, er kostnaðargreind með tilliti til þess að gjald byggi á raunkostnaði að viðbættri hæfilegri álagningu. Hefur þessi kvöð m.a. þau áhrif að draga úr hvata til óhóflegrar smásöluverðlagningar eða mismununar á smásöluverði eftir landsvæðum, þar sem Símanum er gert skylt að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum, þ.e. samkeppnisáðilum sínum, aðgang að talsímaþjónustu á kostnaðargreindu verði á heildsölustigi.

Að teknu tilliti til ákvörðunar PFS nr. 9/2013, taldi stofnunin ekki ástæðu til að útnefna fjarskiptafyrirtæki með alþjónustuskyldur að því er varðar aðgang að talsímaþjónustu, enda geta notendur, óháð staðsetningu, valið á milli fjölmargra fjarskiptafyrirtækja hér á landi, sem veita talsímaþjónustu í gegnum aðgangsnét Mílu og/eða annarra netrekanda.

Athugasemdir Bændasamtaka Íslands gefa því að mati PFS ekki tilefni til, að stofnunin hverfi frá þeirri fyrirætlan sinni að útnefna ekki fyrirtæki með alþjónustuskyldur að því er varðar talsímaþjónustu, enda í dag mikil samkeppni á markaðinum við veitingu hennar í gegnum þær aðgangstengingar sem fyrir eru, þ.e. tengingar Mílu, sem áfram mun bera alþjónustuskyldur, að því er varðar útvegum tenginga, eða frá öðrum netrekendum.

Hvað varðar kostnað notenda að talsímaþjónustu þá eru gjaldskrár fjarskiptafyrirtækja í dag ekki þannig upp byggðar að kostnaður notenda sé mismunandi eftir því hvort viðkomandi sé búsettur í dreifbýli eða þéttbýli. Gæði þjónustu ættu einnig að vera sambærileg.

Í athugasemdum Bændasamtakanna er einnig vikið að nauðsyn þess, að íbúum í dreifbýli verði veittur aðgangur að gagnaflutningsþjónustu. Eins og vikið er að í kafla 7 í samráðsskjali PFS er lágmarksgagnhraði sem landsmenn allir eiga rétt á samkvæmt reglum um alþjónustu 128 Kb/s flutningshraði. Frá setningu nógildandi fjarskiptalaga hefur hins vegar orðið mikil þróun á markaðnum, bæði örar tækniframfarir og þarfir notanda fyrir aukna bandbreidd hafa einnig aukist. Þetta leiddi m.a. til þess að Fjarskiptasjóður bauð út á árinu 2010 svokallað háhraðaverkefni, sem fólst í uppbyggingu á háhraðaneti með allt að 2Mb/s flutningsgetu, á þeim stöðum sem ekkert fjarskiptafyrirtæki bauð upp á háhraðanetstengingar á marksforsendum. Jafnframt liggur fyrir að á öðrum stöðum á landinu geta notendur keypt þjónustu sem í flestum tilvikum er langt umfram 128 Kb/s viðmiðið.

PFS getur því ekki fallist á það með Bændasamtökunum að niðurfelling nógildandi kvaðar um 128 Kb/s flutningsgetu hafi þær afleiðingar að aðgengi íbúa í dreifbýli að gagnaflutningsþjónustu verði lakara, enda eru í dag einungis örfáir aðilar sem kaupa slíkar

tengingar. Jafnframt liggur fyrir að PFS mun, ef forsendur breytast, t.d. með nýrri lagasetningu taka þennan þátt til endurskoðunar.

PFS getur hins vegar tekið undir með Bændasamtökunum að íbúar dreifbýlisins og á nokkrum minni þéttbýliskjörnum á landinu njóta ekki, í öllum tilvikum, sambærilegs aðgangs og íbúar þéttbýlisins að háhraða gagnaflutningsþjónustu, niðurfelling þeirrar kvaðar sem í dag gildir varðandi lágmarksþjónustu mun þó ekki hafa áhrif á þetta misvægi sem lengi hefur verið til staðar að því er varðar aðgang dreifbýlisins að fjarskiptaþjónustu í samanburði við aðgang þéttbýlisins að fjarskiptaþjónustu.

## 1.2.

### *Um athugasemdir Tals*

Ekkert í athugasemdum Tals gefur tilefni til sérstakrar umfjöllunar af hálfu PFS, enda fyrirtækið sammála þeirri umfjöllun sem fram koma í samráðsskjali PFS.

## 1.3.

### *Um athugasemdir Vodafone*

Í athugasemdum Vodafone kemur m.a. fram að fyrirtækið telur rétt að kvöð um talsímaþjónustu verði lögð á bendir fyrirtækið á að kerfi sem aðrar gagnaveitur hafi verið að byggja upp hafi ekki sama uppitíma (rafmagnseðlis) og að PSTN og VoIP þjónustur séu ekki sambærilegar út frá öryggissjónarmiðum.

Í samráðsskjali PFS vísar stofnunin m.a. til ákvörðunar PFS nr. 9/2013, um niðurfellingu útnefningar Símans með umtalsverðan markaðsstyrk á smásölumörkuðum fyrir almenna talsímaþjónustu á fastaneti. Í ákvörðuninni er vísað til þess að 7 fyrirtæki selji talsímaþjónustu á fastaneti, markaðshlutdeildar á markaðnum og að ekki séu til staðar afgerandi lagalegar aðgangshindranir á markaðnum.

Miðað við þá þróun sem orðið hefur á markaðnum hér á landi telur PFS að ekki sé rétt að leggja á kvöð um talsímaþjónustu innan alþjónustu, með þeim rökum einum að rafmagnsleysi geti í einhverjum tilvikum orðið til þess að talsímaþjónusta verði óvirk. Ef til þess kæmi að rafmagnsleysi mætti undir engum kringumstæðum verða þess valdandi að hefðbundin talsímaþjónusta yrði óvirk ætti að mati PFS að leggja slíkar kvaðir á markaðinn í heild með almennum hætti, en ekki á einn aðila á markaði undir merkjum alþjónustu.

Yfirfærsla PSTN þjónusta yfir í VoIP hefur almennt ekki átt sér stað hér á landi. Þegar og ef fjarskiptafyrirtæki taka þá ákvörðun að leggja alfarið niður ISDN þjónustu, þá mun sú þróun ekki vera stöðvuð með vísun í hugsanlegar alþjónustukvaðir, t.d. um veitingu talsímaþjónustu, enda felur kvöð um alþjónustu bæði í sér réttindi sem og skyldur alþjónustuveitanda, t.d. greiðsluskyldu úr jöfnunarsjóði vegna bókfærðs taps af alþjónustu, sbr. þar sem meginréttindi alþjónustuveitanda eru þau að hann á rétt á framlagi úr jöfnunarsjóði vegna þess taps sem hann verður fyrir af kvöðinni.

Hvað varðar athugasemd Vodafone varðandi það hvaða fyrirtæki eigi að bera alþjónustuskýldu um gagnaflutningsþjónustu, ef til þess kemur, vísast til hliðstæðrar athugasemdar frá Mílu og afstöðu PFS í kafla 1.4.

#### 1.4.

##### *Um athugasemdir Mílu*

Athugasemdir Mílu gefa ekki tilefni til sérstaka viðbragða af hálfu PFS, að undanskildri þeirri athugasemd er varðar hugsanlega kvöð á um að Míla veiti gagnaflutningsþjónustu, en fyrirtækið telur hana ótímabæra og að hún verði að skoðast í samhengi við framtíðarskipulag alþjónustu.

Ofangreind athugasemd Mílu er tilkomin vegna umfjöllunar PFS í samráðsskjali kafla 7, þar sem fram kemur m.a. að ekki sé forsenda né nauðsynlegt til að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustum sbr. upphaf 2. mgr. 19. gr. laga um fjarskipti að viðhalda núverandi kvöð um 128 Kb/s flutningsgetu, sem lágmarksgagnamagn sem notendur eiga rétt á. Síðan segir PFS:

*„Ef slík nauðsyn væri til staðar myndi kvöð um að veita slíka þjónustu beinast að Mílu, þar sem fyrirtækið mun að öllum líkindum viðhalda kvöð sinni um að útvega heimtaugar við fastanetið, auk þess sem fyrirtækið rekur nú virka búnaðinn ofan á heimtauginni, þ.e. bitastraumsaðganginn, í kjölfar þeirra kerfisbreytinga sem gerðar voru á fyrirtækjum Skiptasamstæðunnar vegna sáttar hennar við Samkeppniseftirlitið, sbr. ákvörðun nr. 6/2013 frá 26. mars 2013. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar er eðlilegt að leggja kvöð um að veita lágmarksgagnaflutningsþjónustu á þann aðila sem ber kostnaðinn af því að útvega heimtaugina, þannig að framlegðin við að selja þjónustuna ofan á heimtaugina geti komið til frádráttar þeim kostnaði að útvega og starfrækja tenginguna, sem í sumum tilfellum stendur ekki undir sér á markaðsforsendum.“*

PFS er sammála athugasemd Mílu um að endanleg úrlausn þessa atriðis sé ekki tímabær, enda liggur í dag ekkert fyrir um það hvort eða hvernig Alþingi hyggst breyta núgildandi lágmarkskvöð innan alþjónustu, þ.e. 128 Kb/s flutningshraða, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Einnig vísar stofnunin til væntanlegs umræðuskjals PFS um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu, í tengslum við þá skyldu að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið, sem birt verður innan skamms.

#### 1.5.

##### *Um athugasemdir Símans*

Ekkert í athugasemdum Símans gefur tilefni til sérstakrar umfjöllunar af hálfu PFS.

#### 2.

##### *Samantekt*

Með vísun til ofangreinds telur PFS að ekkert hafi komið fram í þeim athugasemdum sem bárust stofnuninni í samráðinu, sem breytir þeirri fyrirætlun PFS að útnefna ekki fjarskiptafyrirtæki með alþjónustuskyldur að því er varðar veitingu *talsímaþjónustu*, *gagnaflutningsþjónustu* og um rekstur *almenningssíma*. Þá eru allir umsagnaraðilar sammála þeirri fyrirætlun PFS að viðhalda óbreyttri núverandi kvöð á Mílu ehf. um að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið, tímabundið, á meðan unnið er að heildarendurskoðun á þeirri skyldu innan alþjónustu sem snýr að tengingu við almenna fjarskiptanetið, sbr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 1356/2007, sbr. 3. M gr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003. En PFS mun birta umræðuskjal um mögulegt framtíðarfyrirkomulag að því er varðar þá skyldu alþjónustuveitanda að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið.

3.

*Almennur fyrirvari*

Í samræmi við það sem kom fram í samráðsskjali PFS sem birt var þann 22. nóvember 2013 er gerður sá almenni fyrirvari að PFS geti tekið upp þessa ákvörðun ef forsendur breytast verulega, t.d. með nýrri lagasetningu og/eða breytingar á reglugerð um alþjónustu nr. 364/2003.

*Ákvörðunarorð*

Engar alþjónustukvaðir eru lagðar á fjarskiptamarkaðinn að því er varðar aðgang að talsímaþjónustu, aðgang að gagnaflutningsþjónustu, rekstur almenningssíma og þjónustu við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir.

**Alþjónustuskyldur Mílu ehf. kt. 460207-1690:**

Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 83/2003, sbr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 1356/2007 er Míla ehf. útnefnd með alþjónustuskyldu að því er varðar tengingu við almenna fjarskiptanetið. Tengingin skal vera til þess fallin að hægt sé að bjóða almenna talsímaþjónustu sem og nothæfa gagnaflutningsþjónustu.

Útnefningin nær til landsins alls.

Við mat á beiðnum um aðgang er fyrirtækinu heimilt að taka mið af neðangreindum viðmiðunarmörkum:

Allar beiðnir notenda um aðgang að almenna fjarskiptanetinu skal skoða sem sanngjarnar af hálfu alþjónustuveitanda, ef áætlaður kostnaður við að verða við beiðninni fer ekki yfir 650.000- (án vsk.), á hverja tengingu og umsækjandi samþykkir að greiða stofngjald samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitanda.

Ef áætlaður kostnaður er meiri en 650.000-, skal alþjónustuveitandinn einnig verða við beiðnum um aðgang, ef umsækjandi samþykkir að greiða þann kostnað sem er umfram 650.000,- og stofngjald samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitandans.

Í gegnum tenginguna skal notandi skal geta hringt og tekið á móti innanlands- og útlandasímtölum, faxsendingum og hafa aðgang að nothæfum almennum gagnaflutningi.

Sömu viðmið skulu viðhöfð við uppfærslu á tengingu sem er fyrir hendi til að gera hana hæfa til flutnings á nothæfum almennum gagnaflutningi. Þá skal einnig styðjast við sömu kostnaðarviðmið við endurnýjun á eldri línunum sem notaðar hafa verið sem tenging við almenna fjarskiptanetið.

Útnefningartímabil þeirra alþjónustukvaða sem lagðar eru á Mílu ehf. gilda frá og með 1. janúar 2014 til og með 31. júní 2014. Heimilt er að framlengja útnefningartímabilið til 31. desember 2014 með tilkynningu til Mílu þar að lútandi.

Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér rétt til að taka ákvörðunina upp á ný, ef forsendur breytast verulega, t.d. með nýrri lagasetningu og/eða breytingar á reglugerð um alþjónustu nr. 1356/2007.



Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

*Reykjavík, 18. desember 2013*

---

*f.h. forstjóra Björn Geirsson*

---

*Friðrik Pétursson*